

Fundargerð

2. fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Dynjanda

Fundurinn var haldinn með Teams fjarfundabúnaði, fimmtudaginn 14. desember 2023 kl. 14:00.

Þátttakendur á fundinum voru: Ása Margrét Einarsdóttir fulltrúi FRSE, Guðmundur Rafn Kristjánsson fulltrúi Ísafjarðarbæjar, Inga Sóley Kristjónudóttir fulltrúi Minjastofnunar, Edda Kristín Eiríksdóttir og Sigrún Valgarðsdóttir fulltrúar Umhverfisstofnunar. Sú síðastnefnda ritaði fundargerð.

Fundarefni

- Framvinda verkefnisins
- Vefsvæði verkefnisins
- Leiðarljós áætlunarinnar
- Fyrstu drög að áætluninni
- Hagsmunaaðilagreining
- Samráðsfundir
- Önnur mál

Fundargerð

- Framvinda verkefnisins
Sigrún gerði grein fyrir ástæðum þess að verkefnið tafðist í haust en framvindan er nú komin á gott ról.
- Vefsvæði verkefnisins
Litið var stuttlega inn á vefsvæði verkefnisins og þau gögn sem þar hafa verið vistuð.
- Leiðarljós áætlunarinnar
Edda Kristín greindi frá fyrstu hugmynd um leiðarljós áætlunarinnar og hvatti viðstödd til að hika ekki við varpa fram öðrum hugmyndum
- Fyrstu drög að áætluninni
Edda og Sigrún kynntu fyrstu drög að áætluninni en enn vantar þó upp á að efni sé komið inn undir alla kafla. Staldráð var við einstaka kafla og góðar umræður spunnust með gagnlegum ábendingum
- Hagsmunaaðilagreining
Byrjað var á að fara yfir greiningu á þeim samráðs- og hagsmunaaðilum sem voru tilgreindir í haust, m.t.t. þess a) hvort þeir eigi sérstakra hagsmuna að gæta á svæðinu og/eða b) hvort þeir geta lagt vinnuni lið t.d. með upplýsingum. Ekki náðist að klára yfirferðina.
- Samráðsfundir
Frestað

Niðurstaða fundar og næstu skref

Ákveðið var að Edda Kristín, Guðmundur og Sigrún halda áfram með hagsmunaaðilagreininguna og ræði fyrirkomulag samráðsfunda strax eftir áramót og var fundartími fyrir þann fund ákveðinn 4. janúar 2024.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00